

XJ Fundargerð 24. feb 2024

Mættir: Jökull Sólberg Auðunsson, Kári Jónsson, Margrét Pétursson, Sara Stef Hildar, Gunnar Smári Egilsson, Guðmundur Auðunsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sæpór Benjamín Randalsson, Karl Héðinn Kristjánsson.

Úr Málefnastrjórn eru viðstaddir Friðrik Sigurbjörn Friðriksson, Halldóra Hafsteinsdóttir, Sigurður Haraldsson varamaður, Þórdís Bjarnleifsdóttir, Guðröður Atli Jónsson, Mia Eris, María Pétursdóttir.

Lagabreytingartillaga

Flutningsmaður er formaður stjórnar, Gunnar Smári.

„Eftir þingkosningar 2021 var mat að það hefði verið hægt að standa betur að vali á lista. Umræður hafa verið um hvernig mætti standa betur að þessu. Einnig hefur verið stefna að framkvæmdastjórn semur ekki sjálf stefnu flokksins heldur er þessari vinnu dreift til að tryggja að hún komi úr rótum flokksins og félögum sem tengjast flokknum. Reynsla af ráðuneytum og stjórnarráðum eins og lýst í lögnum er blönduð.“

Ný ákvæði í skipulagi:

Kosningastjórn

Kosningastjórn heldur utan um framboð flokksins til Alþingis og sveitastjórnar og sér um val á framboðslista, mótun kosningastefnu byggða á stefnum flokksins og reka kosningabaráttu. Framboðslistar skulu samþykktir af sósíalistapingi eða félagsfundi og kosningastefna af sameiginlegum fundi allra stjórna flokksins. Kosningastjórn getur myndað undirstjórnir til að sinna kosningaefirliti, kosningastjórnir í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum og aðra hópa ef þurfa þykir.

Kosningastjórn skal halda utan um stjórn málaumræðu á vef flokksins, þjálfa upp talsfólk flokksins, efna til stjórn málafunda og halda uppi umræðu um stefnu og áherslur Sósíalistaflokksins á breiðum vettvangi.

Kosningastjórn er kjörin á Sósíalistapingi og skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Hún skiptir sjálf með sér verkum en skal hafa innanborðs formann, varaformann og ritara.

Málgreinar um Ráðuneyti og Stjórnarráð falla úr skipulagi flokksins.

Umræður um lagabreytingartillögu.

Sigurður Haraldsson: Mikilvægt að vera ekki með slembival fyrir málefnaþópa heldur sellur fyrir hvert kjördæmi þaðan sem fólk kemur, þaðan koma sterkir framboðslistar og stefnur.

Framkvæmdastjórn ekki samróma um að tímabært sé að kjósa um þessa lagabreytingartillögu strax. Samþykkt að fresta aðalfundi sem stefnt var að 17. mars til 23. mars þannig að hægt sé að ræða tillöguna betur í Framkvæmdastjórn.